

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt nr. 249/2005 um fráveitur í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

<i>Stærð rotþróar í lítrum</i>	<i>Árgjald</i>	<i>Tæmingargjald</i>
0-2.000	4.000	12.000
2.001-4.000	4.700	14.100
4.001-6.000	5.600	16.800

Gjalddagar fyrir tæmingu rotþróa skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu gjaldsins hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjaldskrá fyrir sérstaka þjónustu:

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6001 lítri skal vera 2.800 kr./m<sup>3</sup> fyrir hverja losun. Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 4.000 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

#### 4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Skagafjarðar 3. mars 2005, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi við birtingu og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 10. febrúar 2005.

*Sauðárkróki, 7. apríl 2005.*

**Ársæll Guðmundsson** sveitarstjóri.